

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Fyrstu sex mánuðina eftir gildistöku laganna fá þeir eingöngu afgreiðslu í húsbrefadeildinni sem lagt hafa inn umsókn fyrir 15. mars 1989 og eiga lánsrétt samkvæmt ákvæðum 12. og 14. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988.
2. Ákvæði b-liðar 53. gr. um heimild til að skipta á húsbrefum og veðskuldabréfum vegna nýbygginga er fyrst heimilt að beita að ári liðnu frá gildistöku laganna.
3. Tveimur árum eftir gildistöku laganna skal gerð úttekt á framkvæmd þeirra.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

1. júní 1989

Nr. 77

L Ö G

um leigubifreiðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Leiguakstur.

1. gr.

Lög þessi taka til fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Fólksbifreiðar, sem taka fleiri en átta farþega, falla þó ekki undir lög þessi.

Leiguakstur fólksbifreiða telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra.

Leiguakstur vörubifreiða og sendibifreiða telst það þegar slík bifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutnings á vörum fyrir tiltekið gjald þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar sem flutt er.

Heimilt er með reglugerð að kveða nánar á um mörkin milli atvinnusviðs fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Rísi ágreiningur um þessi mörk sker samgönguráðuneytið úr.

Leigubifreiðar skulu auðkenndar.

II. KAFLI

Bifreiðastöðvar.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra, að ákveða að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum í hverjum flokki fyrir sig, þ.e. fólksbifreiðar, vörubifreiðar og sendibifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Á félagssvæðum, þar sem viðurkenndar bifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum, sem aka utan þessara stöðva, bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á viðkomandi sviði.

3. gr.

Bifreiðastöðvar fyrir leigubifreiðar skulu, í samráði við stéttarfélög leigubifreiðastjóra, skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að almenningi verði veitt góð og örugg þjónusta. Hver bifreiðastöð skal fylgjast með því að ökumenn, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um leigubifreiðar.

III. KAFLI

Takmörkun.

4. gr.

Samgönguráðuneytinu er heimilt eftir beiðni hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra, hvort heldur um er að ræða félag fólksbifreiðastjóra, vörubifreiðastjóra eða sendibifreiðastjóra, að takmarka fjölda leigubifreiða á félagssvæðinu, enda komi til meðmæli þeirra bæjarstjórna og héraðsnefnda er félagssvæðið fellur undir. Verði bæjarstjórnir og héraðsnefndir, sem félagssvæði stéttarfélags bifreiðastjóra fellur undir, eigi sammála um hvort mæla skuli með takmörkun eða ekki eða þær greini á um við hvaða bifreiðafjölda takmörkun skuli miða skal samgönguráðuneytið skera úr.

Þar sem takmörkun er heimiluð skal hún ákveðin af ráðuneytinu með reglugerð. Takmörkun á fjölda vörubifreiða og sendibifreiða, sem miðast við ákveðna hámarkstölu, framkvæma félögin sjálf. Takmörkun á fjölda fólksbifreiða, sem miðast við ákveðna hámarkstölu eða viðmiðun við íbúafjölda, ber að framkvæma með útgáfu atvinnuleyfa sem umsjónarnefnd fólksbifreiða annast.

5. gr.

Á félagssvæði, þar sem takmörkun er í gildi, skulu bifreiðastjórar í sömu grein vera í sama stéttarfélagi.

Á þeim félagssvæðum stéttarfélaga vörubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra, þar sem takmörkun er í gildi, er öllum utanfélagsmönnum bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á vörum.

Á þeim félagssvæðum stéttarfélaga fólksbifreiðastjóra, þar sem takmörkun er í gildi, er öllum, sem eigi hafa atvinnuleyfi, bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á fólki.

6. gr.

Pegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmatan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi þá er takmörkun hefst.

IV. KAFLI

Atvinnuleyfi.

7. gr.

Í því skyni að takmarka fjölda fólksbifreiða til leiguaksturs á þeim félagssvæðum, þar sem samgönguráðuneytið hefur veitt heimild til takmörkunar, skal gefa út sérstök atvinnuleyfi. Grundvöllur atvinnuleyfanna er að sérhver leyfishafi eigi fólksbifreið og hafi það að aðalatvinnu að aka henni sjálfur. Frá skilyrðum um aðalatvinnu má víkja á félagssvæðum þar sem íbúar eru færri en 5000. Fjöldi atvinnuleyfa á hverju félagssvæði miðast við þann fjölda fólksbifreiða sem takmörkunarreglugerð heimilar. Engum má veita meira en eitt atvinnuleyfi.

Atvinnuleyfi er bundið við nafn. Leyfishafa er óheimilt að selja atvinnuleyfi, leigja það út eða ráðstafa því á annan hátt. Atvinnuleyfishafi er háður ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar svo sem þau eru á hverjum tíma.

8. gr.

Þeir einir, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, geta öðlast atvinnuleyfi:

1. hafa fullnægjandi ökuréttindi samkvæmt umferðarlögum,
2. eru 20–65 ára að aldri,
3. hafa eigi gerst sekir um alvarlegt refsilagabrot,
4. hafa fullnægjandi heilbrigðisvottorð,
5. hafa starfsreynslu við akstur á fólki,
6. eru félagsmenn í hlutaðeigandi stéttarfélagi fólksbifreiðastjóra eða hafa sótt um inngöngu í það.

Þessum skilyrðum verður atvinnuleyfishafi einnig að fullnægja eftir að leyfi er fengið, sbr. þó 1. mgr. 9. gr.

Heimilt er að halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi og má þá gera prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt. Heimilt er að taka sérstaklega tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum, enda uppfylli þeir skilyrði þessarar greinar og ætla megi að leiguakstur henti þeim. Um heimild þessa má ákveða nánar í reglugerð.

9. gr.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við andlát leyfishafa. Þó má dánarbú hans eða eftirlifandi maki nýta leyfið í allt að þrjú ár þar á eftir.

Heimilt er að svipta leyfishafa atvinnuleyfi tímabundið ef hann brýtur gegn ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar, en fyrir fullt og allt ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða.

Veita má leyfishafa tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna:

- a. orlofs, veikinda eða annarra forfalla,
- b. vaktaskipta á álagstímum,
- c. viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.

Stéttarfélag fólksbifreiðastjóra annast þessar undanþáguveitingar eftir nánari fyrirmæli um í reglugerð.

Um atvinnuleyfi, úthlutun þeirra, nýtingu og brottfall skal setja nánari ákvæði í reglugerð.

V. KAFLI

Umsjónarnefnd fólksbifreiða.

10. gr.

Á öllum félagssvæðum, þar sem takmörkun fólksbifreiða til leiguaksturs hefur verið ákveðin, sbr. 4. gr., skal starfa umsjónarnefnd fólksbifreiða. Samgönguráðherra skipar umsjónarnefndir fólksbifreiða. Hver nefnd skal skipuð þremur mönnum. Hlutaðeigandi stéttarfélag fólksbifreiðastjóra tilnefnir einn nefndarmanna, annan tilnefnir sveitarfélag eða sveitarfélag sameiginlega á félagssvæði og hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Sömu aðilar velja hver um sig einn varamann.

Umsjónarnefnd fólksbifreiða hefur með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða um leigubifreiðar á félagssvæðinu, úthlutun atvinnuleyfa og afturköllun þeirra, svo og eftirlit með þjónustu fólksbifreiðastöðva. Að öðru leyti verður starfssvið umsjónarnefnda ákveðið í reglugerð.

Samgönguráðherra ákveður laun nefndarmanna. Laun þeirra og annan kostnað af störfum umsjónarnefnda greiðir ríkissjóður.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Gjaldmælar skulu vera í öllum fólksbifreiðum og sendibifreiðum sem notaðar eru til leiguaksturs. Um gjaldmæla, gerð þeirra og notkun, skal setja ákvæði í reglugerð.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla.

12. gr.

Samgönguráðuneytið setur tvær reglugerðir um nánari framkvæmd laga þessara, annars vegar um takmörkun á fjölda fólksbifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs, en hins vegar reglugerð um takmörkun á fjölda vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1989. Jafnframt falla úr gildi lög um leigubifreiðar, nr. 36 1970, lög nr. 47/1988 og 66. gr. laga nr. 108/1988, um breytingu á þeim lögum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga þessara er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá ákvæðinu þar sem önnur tilhögun hefur tíðkast.

Þrátt fyrir ákvæði 5. liðar 8. gr. skulu launþegar í leigubifreiðastjórstétt hafa forgang við veitingu atvinnuleyfa næstu þrjú ár frá gildistöku þessara laga, sbr. þó 3. mgr. 8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 9. gr. er heimilt að veita þeim, sem eru 66 ára eða eldri við gildistöku þessara laga, heimild til að halda atvinnuleyfi í allt að fimm ár til viðbótar enda uppfylli þeir að öðru leyti skilyrði þessara laga. Þó verði ekki heimilt að framlengja atvinnuleyfi lengur en til 75 ára aldurs leyfishafa.

Við gildistöku laga þessara haldast viðurkenningar á bifreiðastöðvum samkvæmt eldri lögum þar til öðruvísi verður ákveðið af réttum aðilum.

Þeir, sem hafa atvinnuleyfi eða njóta takmörkunar við gildistöku laga þessara, eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.